

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Minni-Borg, golfvöllur, L208755.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til golfvallarsvæðis við Biskupstungnabraut og Sólheimaveg. Í skipulaginu felst að afmarkað er 29,8 ha svæði fyrir níu holu golfvöll, ásamt golfskála, veitingasölu og aðstöðu til gistingar.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2024.

*Deiliskipulag, Borg í Grímsnesi, Borgarteigur.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til Borgarteigs, landbúnaðarsvæðis við Minni-Borg, golfvallar, Móaflatar 1 og Móaflatar 2-11. Í skipulaginu felst að afmarkað er svæði fyrir 12 íbúðarlóðir og hesthúsahverfi.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 15. maí 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**